



Norræna
ráðherranefndin

Samstarfsáætlun um **orkumál** 2025–2030

Afhendingaröryggi, orkuskipti, samstarf á
raforkumarkaði og nýsköpun



Efnisyfirlit

Formáli	3
Inngangur	5
Pólítískar áherslur í orkumálum	7
Markmið 1: Traust afhendingaröryggi orku til norrænna notenda og fyrirtækja	10
Markmið 2: Styrkja stöðu Norðurlanda fyrir orkuskipti og nýsköpun	12
Markmið 3: Uppbygging enn skilvirkari og meira nýskapandi norræns orkumarkaðar	14
Markmið 4: Sterkari Norðurlönd í alþjóðlegu orkumála-samstarfi	16
Úttekt á samstarfsáætluninni	19
Um ritið	20

Þetta rit er einnig fánlegt á netinu í vefaðgengilegri útgáfu:
<https://pub.norden.org/politknord2024-760>

Formáli



Ebba Busch orku- og viðskiptaráðherra Svíþjóðar og Karen Ellemann framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar.

Norrænu forsætisráðherrarnir samþykktu árið 2019 nýja framtíðarsýn fyrir norrænt samstarf: Norðurlönd eiga að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims. Samstarfið í Norrænu ráðherranefndinni snýst um þetta markmið og það gildir líka um samstarfið á sviði orkumála.

Sjálfbær umskipti norrænna samfélaga gerast ekki án sjálbærra orkuumskipta og að þeim mun norræna orkusamstarfið stuðla. Norðurlönd hafa langa reynslu af uppbyggilegu samstarfi á sviði orkumála og þó svo að löndin séu mismunandi er um að ræða einstakt samfélag og markvisst samstarf sem styður það starf að skapa sjálfbærar lausnir og takast á við sameiginlegar áskoranir okkar.

Norrænu löndin búa öll við öflug orkukerfi og eru í fararbroddi í aðgerðum gegn loftslagsvánni. Við búum við misjöfn skilyrði og misjafna forgangsröðun í samræmi við það. Hins vegar er fjöldi áskorana og tækifæra sem er sameiginlegur löndunum og við styðjum við sameiginleg markmið. Loftslagsbreytingar krefjast þess að allir þættir samfélagsins fari í gegnum umskipti til sjálfbærari framtíðar. Samtímis búa Norðurlönd við geópólítískan veruleika sem hefur áhrif á öryggi landanna og aðfangakeðjur. Orkuumskiptin krefjast nýrrar tækni og þar hafa Norðurlönd þegar tekið leiðandi stöðu á heimsvísu. Sterk staða Norðurlanda á sviði orkumála er mikilvæg forsenda fyrir samkeppnishæfni og efnahagslegan vöxt landanna.

Um leið er afgerandi fyrir samstarfið að norrænir orkuneytendur búi við afhendingaröryggi jarðefnaeldsneytislausrar orku fyrir sem minnstan kostnað þar sem samtímis er tekið tillit til nærsamfélagsins, umhverfisins og náttúrunnar.

Norræna ráðherranefndin um orkumál (MR-Vækst/Energi) vill með samstarfsáætluninni fyrir árin 2025-2030 forgangsráða verkefnum á sviðum þar sem samstarf landanna getur tryggt betri sjálfbær orkuumskipti en löndin geta hvert fyrir sig. Sérstök áhersla verður lögð á:

- traust afhendingaröryggi orku til norrænna notenda og fyrirtækja,
- styrkta stöðu Norðurlanda fyrir orkuskipti og nýsköpun,
- uppbyggingu enn skilvirkari og meira nýskapandi norræns orkumarkaðar og
- sterkari Norðurlönd í alþjóðlegu orkumálasamstarfi.

Markmiðið er öflugt orkusamstarf sem viðheldur og eflir viðnámsþrótt norrænu landanna, sjálfbærni og samkeppnisfærni og gerir þannig Norðurlöndum kleift að ná markmiðunum um að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims.

Njótið lestursins!



Ebba Busch

orku- og viðskiptaráðherra Svíþjóðar



Karen Ellemann

framkvæmdastjóri Norrænu
ráðherranefndarinnar

Inngangur

Pólítískum áherslum og markmiðum tímabilsins 2025–2030 er lýst í samstarfsáætluninni á sviði orkumála. Í norrænu samstarfi á sviði orkumála verður sjónum einkum beint að afhendingaröryggi orku, samstarfi um raforkumarkað, styrkingu á stöðu Norðurlanda í tengslum við orkuskipti og nýsköpun, auk alþjóðlegs samstarfs.

Samstarfsáætlunin gengur út frá því markmiði Norrænu ráðherranefndarinnar að stuðla að framtíðarsýninni um að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030. Allar ráðherranefndir Norrænu ráðherranefndarinnar vinna að því að gera framtíðarsýnina að veruleika samkvæmt þremur stefnumarkandi áherslum: græn Norðurlönd, samkeppnishæf Norðurlönd og félagslega sjálfbær Norðurlönd.

Norðurlandaráð, borgarasamfélagið og aðrir viðeigandi aðilar komu að gerð samstarfsáætlunarinnar. Einkum tók norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin þátt í gerð hennar og norræna sjálfbærnefndin veitti álit sitt á efni hennar. Þá kveiktu aðilar orkumarkaðarins hugmyndir að innihaldi samstarfsáætlunarinnar á hinni árlegu ráðstefnu norræna raforkumarkaðarins 2023.

Samstarfsáætlunin er stjórnþæki fyrir alla starfsemi ráðherranefndarinnar um orkumál. Unnar verða tvær sjálfstæðar starfsáætlanir fyrir tímabilin 2025–2027 og 2028–2030 sem munu tengja saman pólítískar áherslur og markmið samstarfsáætlunarinnar og þær aðgerðir sem fagsviðið hyggst hrinda í framkvæmd.

Ráðherranefndin samþykkti samstarfsáætlunina hinn 3. október 2024 og gildir hún til 31. desember 2030.

Framtíðarsýn okkar 2030



Samkeppnishæf Norðurlönd

Saman ætlum við að efla grænan hagvöxt á Norðurlöndum, byggðan á þekkingu, nýsköpun, hreyfanleika og stafrænni samþættingu.



Græn Norðurlönd

Saman ætlum við að greiða fyrir grænum umskiptum í samfélögum okkar og vinna að kolefnishlutleysi og sjálfbæru hringrásarhagkerfi og lífhagkerfi.

Norðurlönd eiga að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims



Félagslega sjálfbær Norðurlönd

Saman ætlum við að efla samfellt svæði án aðgreiningar þar sem jafnrétti ríkir og sem byggist á sameiginlegum gildum og enn öflugri menningarsamskiptum og velferð.

Öll starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar á að stuðla að því að gera að veruleika framtíðarsýn okkar um að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030. Samstarfsáætlunin lýsir því hvernig fagsviðið ætlar að vinna með stefnumarkandi áherslurnar þjár.

Pólitískar áherslur í orkumálum

Almennt séð búa norrænu löndin við stöðugt og öruggt orkuframboð og eru vel á veg komin með umskipti orkugeirans í átt til sjálfbærni. Að hluta til má þakka hinu nána samstarfi norrænu landanna þessa styrku stöðu en ekki er þó sopið kálið þótt í ausuna sé komið. Enn eiga norrænu löndin fyrir höndum úrlausnarefni á sviði orkumála og frekari umskipta er þörf ef okkur á að takast að standa undir háleitum loftslagsmarkmiðum okkar og markmiðum um afhendingaröryggi. Um leið beinum við sjónum okkar að tækifærum norrænna fyrirtækja til þess að vinna með styrkleika Norðurlanda á tímum þegar öll ríki heimsins standa frammi fyrir kröfu um orkuskipti.

Norðurlönd eru sterkari ef við stöndum saman. Það á einnig við út á við en staðan í heimsmálum hefur enn á ný sýnt gildi þess fyrir norrænu löndin að standa þétt saman. Það á ekki síst við þegar kemur að norrænum orkukerfum sem í flestum norrænu ríkjunum eru nátengd. Það þýðir að aðgerðir í orkumálum í einu landanna hafa einnig þýðingu í hinum löndunum. Af því leiðir að samstarf um aðgerðir mun leiða til orkuskipta sem eru bæði efnahagslega og félagslega sjálfbærari en ef löndin uppfylltu markmið sín hvert fyrir sig.

Í norrænu orkumálasamstarfi er unnið jafnt með hinn þríþætta vanda í orkumálum. Unnið er að því að tryggja umskipti í orkukerfinu þar sem tekið er tillit til umhverfis- og loftslagsmála, að traustu afhendingaröryggi norrænu landanna sé viðhaldið og að orkan sé á viðráðanlegu verði fyrir bæði almenning og fyrirtæki.

Í öllum norrænu löndunum er rafvæðing samfélagsins í fullum gangi sem hluti af umskiptum í átt til sjálfbærni. Skipuleggja þarf, fjármagna og ýta í framkvæmd stórauðningu á framleiðslugetu orkukerfa landanna á jarðefnaeldsneytislausri orku, þar með talið endurnýjanlegri orku, og stækkun raforkuflutningskerfisins, sem er nauðsynlegt vegna aukinnar rafvæðingar. Um leið verður að tryggja að árið 2030 búi Norðurlönd enn að samkeppnishæfasta, mest nýskapandi og notendamiðaða raforkumarkaði í heimi.

Hægt er að taka í auknum mæli tillit til náttúrunnar og líffræðilegrar fjölbreytni í tengslum við sjálfbæra orku og mannvirki og innviði sem henni tengjast, til dæmis vindmyllur. Jafnframt verður að haga orkuskiptum með þeim hætti að sátt almennings og velvild sé tryggð gagnvart mikilli uppbyggingu orkumannvirkja, þar á meðal vindmylla og flutningslína. Auknar aðgerðir sem ýta undir orkusparnað og -nýtni, ásamt sveigjanleika í orkunotkun, munu jafnframt treysta afhendingaröryggi.

”

Samstarf um aðgerðir mun leiða til orkuskipta sem eru bæði efnahagslega og félagslega sjálfbærari en ef löndin uppfylltu markmið sín hvert fyrir sig.

Norrænu löndin og norræn fyrirtæki búa að einstakri hæfni þegar litið er til orkutækni og útflutningur á orkutækni er töluverður. Norrænt samstarf styður við vinnu landanna við að byggja upp nýjar orkuvirðisdeðjur á svæðinu. Norðurlönd hafa því góð tækifæri til þess að verða miðstöð sem laðar til sín fyrirtæki og flytur út jarðefnaeldsneytislausu orku, þar á meðal endurnýjanlega, og sjálfbæra tækni. Þetta er hægt að gera með markvissri sameiginlegri atvinnuuppbyggingu þar sem Norðurlönd byggja í sameiningu upp orkulausnir framtíðarinnar. Það mun jafnframt stuðla að því að gera svæðið, fyrirtæki okkar, menntastofnanir og rannsóknarumhverfi svo eftirsóknarvert að norrænu löndin mennti ekki einungis sjálf fagfólk og vinnuafli heldur laði einnig til sín hæft fólk alls staðar að úr heiminum.

Allt frá upphafi opinbers norræns samstarfs á sviði orkumála hafa málefni sem varða ESB/EES og önnur alþjóðleg orkumál verið ofarlega á baugi. Norrænt samstarf og samhæfing getur á mörgum sviðum orkumála stuðlað að því að bæta framkvæmd ferla innan ESB og EES. Tengingu norrænu landanna við evrópskt samstarf er misjafnlega háttað en engu að síður geta þau haft mikið gagn af samstarfi um sameiginleg málefni í tengslum við ESB og EES. Á undanförunum 8–10 árum hefur umfjöllun ESB um orkumál aukist. Því hafa fylgt bæði nýjar áskoranir og tækifæri í norrænu orkumálasamstarfi.

”

Norrænu löndin og norræn fyrirtæki búa að einstakri hæfni þegar litið er til orkutækni og útflutningur á orkutækni er töluverður.

Samstarf þvert á fagsvið

Vinna skal þvert á fagsvið eftir því sem við á. Fyrir orkumálasvið getur það til að mynda átt við um fagsvið umhverfis- og loftslagsmála, sem einnig vinnur með jarðefnaeldsneytislausu orku, þar með talið endurnýjanlega, föngun, nýtingu og bindingu koldíoxíðs, vetni o.fl., og svið atvinnumála, sem vinnur með samkeppnishæfni, og önnur fagsvið sem vinna með orkutengd úrlausnarefni.

Norrænn virðisauki orkumálasamstarfsins

Norrænn virðisauki er mikilvægt viðmið þegar meta á mikilvægi og skilvirkni norræns samstarfs. Norrænn virðisauki er sá sem skapast af aðgerðum sem koma til viðbótar við virði sem hefði skapast í löndunum sjálfum. Norrænn virðisauki getur meðal annars falist í aðgerðum sem skapa norrænt samstarf og tengsl, draga úr hindrunum og sundrung, safna saman starfskrafti og færni, raungera ónýtt tækifæri og skapa samlegðaráhrif.

Þótt löndin séu ólík og geti lagt áherslu á ólíka hluta orkumálasamstarfsins felur norrænt samstarf á sviði orkumála í sér ótvíræðan virðisauka fyrir öll norrænu löndin og styður við starf landanna á innlendum vettvangi og vettvangi ESB. Til þess að auka virðisauka norræns samstarfs eiga norrænu löndin að leggja áherslu aukinn skilning og samstarf á sviðum þar sem styrkleikastöður landanna geta bætt hver aðra betur upp í virðiskeðjum og vistkerfum þvert á landamæri og svið

Norrænu löndin búa yfir sameiginlegum verðmætagrundi og orkukerfum sem bæta hvert annað upp, sem veitir góð skilyrði til að koma á fót sterkum klösum og sjálfbærum og öruggum virðiskeðjum sem stuðla að norrænum virðisauka. Með norrænu samstarfi geta umskiptin orðið hraðari og skilvirkari þegar sameiginleg viðfangsefni eru leyst með sameiginlegum aðgerðum.

”

Norrænu löndin búa yfir sameiginlegum verðmætagrundi og orkukerfum sem bæta hvert annað upp, sem veitir góð skilyrði til að koma á fót sterkum klösum og sjálfbærum og öruggum virðiskeðjum.

Markmið og undirmarkmið

Ráðherranefndin um orkumál hefur ákveðið eftirfarandi markmið og undirmarkmið fyrir starfið á tímabilinu 2025–2030. Allt norrænt samstarf á þessu málefnasviði er unnið með hinar pólitísku áherslur að leiðarljósi.

Markmiðin fjögur og undirmarkmiðin sem þeim tilheyra falla öll undir hina grænu vídd stefnumörkunarinnar því vinnan mun stuðla að því að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims. Markmiðin falla þó ekki síður undir hina stefnumarkandi áherslu á samkeppnishæfni því vinnan eykur bæði kostnaðarhagkvæmni fyrirtækja í orkumálum og möguleika þeirra á að styrkja stöðu sína. Loks skal tekið fram að undirmarkmið 1.3 fellur undir hina stefnumarkandi áherslu um félagslega sjálfbærni.

Markmið 1: Traust afhendingaröryggi orku til norrænna notenda og fyrirtækja



Öruggt aðgengi að orku á viðráðanlegu verði skiptir sköpum fyrir norrænu löndin sem jafnframt hafa markað sér metnaðarfulla stefnu í loftslagsmálum. Norrænu löndin búa yfir mismunandi náttúruauðlindum og tryggja afhendingaröryggi með ólíkum hætti en þessar ólíku náttúruauðlindir bæta hver aðra vel upp og stuðla að auknu afhendingaröryggi á Norðurlöndum.

Atburðir síðustu ára, m.a. með aukinni spennu í heimsmálunum, hafa reynt á kerfin með tilliti til afhendingaröryggis og orkuverðs. Norrænt samstarf um afhendingaröryggi getur stuðlað að því að treysta kerfin og styrkja gagnvart framtíðaráskorunum.

**Undirmarkmið 1.1:
Aukið samstarf og
miðlun reynslu um
rammaskilyrði
varðandi endur-
nýjanlega og jarð-
efnaeldsneytislauða
orku.**

Nægileg orkuframleiðsla, einkum raforkuframleiðsla, er forsenda þess að viðhalda hinu mikla afhendingaröryggi sem Norðurlönd búa við. Samhliða rafvæðingu samfélagsins og aukinni eftirspurn eftir raforku vegna nýrrar tækni (t.d. vetnisframleiðslu) mun verða þörf á því að auka framleiðslugetu okkar á raforku verulega. Norrænu löndin standa andspænis mörgum sömu viðfangsefnanna þegar kemur að því að skapa rammaskilyrði sem geta tryggt nægilega getu, og munu efla samstarfið á þessu sviði.

**Undirmarkmið 1.2:
Samstarf um að
haga orku-
skiptunum með
slíkum hætti að þau
séu félagslega,
efnahagsleg og
umhverfislega
ásættanlegri.**

Þau umskipti sem nauðsynleg eru á sviði orkumála snerta margt fólk. Mikilvægt er að þau fari fram með slíkum hætti að fólkið sem þau snerta sætti sig við þau. Miðlun þekkingar á milli norrænu landanna, þróun inngildandi ferla og aukin þekking og skilningur geta stuðlað að árangursríkri framkvæmd. Þetta á jafnt við með tilliti til mannvirkja og innviða sem skiptingar kostnaðar við umskiptin.

Markmið 2: Styrkja stöðu Norðurlanda fyrir orkuskipti og nýsköpun



Þegar kemur að nýsköpun og nýrri tækni vegna orkuskipta búa norrænu löndin saman yfir þeirri rannsóknar- og nýsköpunargetu sem nauðsynleg er til þess að Norðurlönd geti verið í fararbroddi í þróun nýrrar tækni.

Undirmarkmið 2.1:
Ná styrkri stöðu í
allri virðiskeðjunni
fyrir nýja tækni.
Undir þetta fellur
samstarf um vetni
og aðra nýja
orkugjafa (þ. á m.
innviði), föngun,
nýtingu og bindingu
koldíoxíðs og
orkugeymslu.

Ekki er hægt að rafvæða alla orkunotkun og því er vinnan í tengslum við vetni, ammoníak, rafmetanól aðrar gerðir rafeldsneytis mikilvæg. Aukið norrænt samstarf um þessa nýju tækni á að stuðla að sjálfbærri umskiptingu í þeim atvinnugreinum sem erfitt er eða óhagkvæmt að rafvæða með beinum hætti, svo sem stál- og efnavöruiðnað og þungaflutninga að hluta, og þannig draga úr þörfinni á innflutningi á jarðefnaeldsneyti. Að auki á samstarfið að stuðla að því að auka tækifæri norræns atvinnulífs á að vera í fararbroddi í þessari þróun og leggja sitt af mörkum til hnattrænna umskipta. Um þessar mundir er vetni í brennidepli í norrænu orkumálasamstarfi en til lengri tíma litið má útvíkka samstarfið í auknum mæli til annarra orkugjafa.

Undirmarkmið 2.2:
Markvissara
samstarf um
bættar aðgerðir í
þágu orkunýtni.

Skilvirk nýting orkunnar hefur átt sinn þátt í því að byggja upp vel starfhæf orkukerfi norrænu landanna og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Einnig skiptir orkunýtni máli varðandi samkeppnishæfni atvinnulífsins. Í samstarfi um orkunýtni er áhersla lögð á verkefni sem styðja við viðleitni landanna til þess að bæta orkunýtni með tæknilegum breytingum og breytttri hegðun jafnt almennings sem fyrirtækja. Undir þetta falla sameiginlegar aðgerðir á sviðum á borð við orkumerkingar og visthönnun, sem og hringrásarhagkerfi og nýtingu umframvarma.

Markmið 3: Uppbygging enn skilvirkari og meira nýskapandi norræns orkumarkaðar



Vel virkur raforkumarkaður er lykillinn að árangursríkum umskiptum í átt til sjálfbærni. Umskiptin fela í sér stórfellda rafvæðingu norrænna samfélaga. Gert er ráð fyrir miklum breytingum á bæði raforkuframleiðslu, með aukinni framleiðslu á vind-, sólar og kjarnorku og annarri jarðefnaeldsneytislausri orkuframleiðslu, og raforkunotkun þar sem notkun eykst hjá endanotendum og nýjum stórnotendum í iðnaði, svo sem við framleiðslu á vetni og rafeldsneyti. Nauðsynlegt er að þróa áfram norrænan raforkumarkað til þess að mæta þessari þróun.

**Undirmarkmið 3.1:
Raforkumarkaðurinn
á að styðja við
aukna rafvæðingu
samfélagsins.**

Þróa á raforkumarkaðinn frekar þannig að til verði hvati til fjárfestinga í nýrri raforkuframleiðslu á réttum stað og um leið tryggja að ný raforkunotkun verði skilvirk. Raforkumarkaðurinn á að stuðla að bættu jafnvægi á milli aukinnar framleiðslu og aukinnar notkunar.

**Undirmarkmið 3.2:
Sveigjanleg
þátttaka notenda
og framleiðenda**

Þar sem aukin raforkuframleiðsla verður að miklu leyti háð veðri og vindum skiptir sköpum að bæði notendur og framleiðendur hafi hvata og tækifæri til þess að bregðast við sveiflum í raforkuframleiðslu. Sveigjanleg notkun og aukin og fyrirsjáanleg raforkuframleiðsla dregur úr kostnaði við grænu umskiptin og stuðlar að auknu afhendingaröryggi.

**Undirmarkmið 3.3:
Aukin áhersla á að
koma upp
raforkuinnviðum.**

Árstíðabundnar sveiflur í orkuverði í mismunandi hlutum Norðurlanda hafa leitt í ljós veikleika í afkastagetunni, einkum á milli norðurs og suðurs. Samfara aukinni rafvæðingu og hærra hlutfalli sveiflukennendra endurnýjanlegra orkugjafa eykst þörfin á norrænu samstarfi um styrkari innviði til þess að tryggja að auðlindir séu nýttar með eins skilvirkum hætti og kostur er og að kostnaður raforkunotenda haldist lágur.

Markmið 4: Sterkari Norðurlönd í alþjóðlegu orkumálasamstarfi



Eitt af helstu markmiðum norræns orkumálasamstarfs á tímabilinu 2025–2030 er að efla Norðurlönd í alþjóðlegu samstarfi. Hagur getur verið í því fyrir Norðurlönd á alþjóðavettvangi að taka höndum saman þegar um sameiginlega hagsmuni er að ræða. Vilji er til þess að nýta styrk norræns samstarfs með markvissum hætti bæði á formlegum og óformlegum vettvangi. Sérstaklega á þetta við um ESB/EES en einnig á öðrum vettvangi þar sem norrænu löndin taka þátt.

Áfram verður áhersla lögð á vinnuna við að styðja norrænar hnattrænar orkulausnir. Náð norrænt samstarf tryggir ekki einungis gestgjafahlutverk á leiðtogafundum og ráðstefnum síðar heldur einnig hlutverk Norðurlanda sem mikilvægs aðila í grænum umskiptum á heimsvísu.

**Undirmarkmið 4.1:
Markviss umfjöllun
um evrópsk málefni
til þess að kanna
möguleika á
samstarfi.**

Ýmis evrópsk verkefni hafa áhrif á uppfyllingu hinnar norrænu framtíðarsýnar í orkumálum til ársins 2030. Þetta eykur enn vægi öflugs norræns svæðasamstarfs á milli stjórnvalda, aðila markaðarins, fræðasamfélagsins og borgarasamfélagsins.

Á samstarfstímabilinu 2025–2030 munu norrænu löndin einkum fylgjast með endurskoðun orkureglugerða og vinnunni að nýjum markmiðum fyrir árið 2030 samkvæmt European Green Deal (EGD) og „fit for 55“. Samkvæmt EGD munu norrænu löndin geta stofnað til og aðlagð núverandi svæðasamstarf á sviðum á borð við endurnýjanlega orku (þar með talið vindorku á hafi), orkunýtni (þar með talið „energy efficiency first“), visthönnun (þar með talið Nordsyn-samstarfið), tilskipunina um orkunýtni (EED), orkunýtni í byggingariðnaði, samstarf í vetnismálum, samstarf um snjallvæðingu kerfa, landsáætlanir um orku- og loftslagsmál (NECP) og þróun raforkumarkaðar og innviða. Rannsóknir, þróun og nýsköpun munu styðja lárétt við vegvísa á mikilvægum sviðum á borð við vetnismál, föngun, nýtingu og bindingu koldíoxíðs og vindorku á hafi.

**Undirmarkmið 4.2:
Samstarf um
innleiðingu
regluverks
ESB/EES.**

Mikilvægt verður fyrir norrænu löndin að vega og meta ávinninginn af samstarfi við innleiðingu lagagerða í samstarfsáætlun 2025–2030. Margar lagagerðir um orkumál frá ESB/EES verða innleiddar á þessu tímabili.

**Undirmarkmið 4.3:
Samstarf um vinnu
annars staðar á
alþjóðlegum
vettvangi.**

Samkvæmt Framtíðarsýn okkar fyrir 2030 stendur vilji til þess að nýta styrk norræns samstarfs með markvissum hætti alþjóðlega, bæði á formlegum og óformlegum vettvangi. Þetta á sérstaklega við á vettvangi ESB/EES en einnig annars staðar þar sem norrænu löndin taka þátt, svo sem á vettvangi BEMIP-verkefnisins og þar sem rekstraraðilar flutningskerfa og óháð eftirlitsyfirvöld taka þátt í margvíslegu svæðisbundnu samstarfi. Einnig á vettvangi Evrópunets raforkuflutningskerfisstjóra (ENTSO-E) og Samstarfsstofnunar eftirlitsaðila á orkumarkaði ESB (ACER). Norrænu löndin taka einnig þátt í öðru, hnattrænna orkumálasamstarfi, svo sem á vettvangi Alþjóðaorkumálastofnunarinnar (IEA) og International Renewable Energy Agency (IRENA).

Úttekt á samstarfsáætluninni

Samstarfsáætlunin gildir fyrir tímabilið 2025–2030 en er skipt niður í þriggja ára starfsáætlanir fyrir tímabilin 2025–2027 og 2028–2030.

Á miðju tímabilinu verður gerð úttekt og á grundvelli hennar kann ráðherranefndin að gera breytingar á samstarfsáætluninni ásamt því að fá tillögur að því hvernig rétt sé að útfæra starfsáætlun fyrir seinni hluta tímabilsins.

Auk þess verða gerðar milliúttektir eftir því sem framkvæmdastjóri og ráðherranefndin telja þörf á.

Um ritið

Norræn samstarfsáætlun á sviði orkumál 2025–2030

PolitikNord 2024:760

ISBN 978-92-893-7993-9 (PDF)

ISBN 978-92-893-7994-6 (ONLINE)

<http://dx.doi.org/10.6027/politiknord2024-760>

© Norræna ráðherranefndin 2024

Mynd á forsíðu: Knud Andersen

Myndir: Michael Held / Unsplash, Ulf Grünbaum / Imagebank Sweden, Sofia Sabel /

Imagebank Sweden og Hans Berggren / Imagebank Sweden

Útgefið Október 2024



Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus, Ved Stranden 18, DK-1061 Kaupmannahöfn, www.norden.org

Lesið fleiri norræn rit: www.norden.org/is/utgafur